



Alþingi

Erindi nr. Þ 121/1172

komudagur 20/3 1997

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 1997

Hér með sendist umsögn frá Landspítala um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga, mál 260, þingskj. 492.

Með kveðju,


Þorvaldur Veigar Guðmundsson
framkvæmdastjóri lækninga



Umsögn frá Landspítala um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga mál 260, þingskj. 492

1. grein

Síðasta málsgrein: Nægjanlegt er að taka fram að óheimilt er að mismuna sjúklingum. Það orkar tvímælis að telja upp þau atriði sem ekki má nota til mismununar. Slík upptalning verður ekki fullkomin, t.d. er ekki minnst á aldur, fötlun eða samkynhneigð.

Í upptalningunni er sagt að ekki megi mismuna sjúklingum á grundvelli efnahags. Þetta er sjálfsagt að banna hvað varðar þá læknishjálp sem ríkið tekur þátt í að greiða, en getur þetta ákvæði komið í veg fyrir að einkaaðilar setji upp heilbrigðisstofnanir alveg óháð ríkinu og selji þjónustu sem sjúklingar, innlendir eða erlendir, greiða sjálfir að fullu? Það á ekki að hindra.

8. grein

Fyrsta málsgrein: „Nú hafnar sjúklingur meðferð og skal heilbrigðisstarfsmaður þá upplýsa hann um afleiðingar þeirrar ákvörðunar.“ Hér er ónákvæmlega tekið til orða. Það verður að vera skylda þess sem ber ábyrgð á meðferðinni að veita þessar upplýsingar. Það er ekki á færi hvaða heilbrigðisstarfsmanns sem er að gefa þær.

Sama gildir þegar útskýrt er fyrir sjúklingi afleiðingar þess að stöðva meðferð, sbr. aðra málsgrein 8. greinar.

Ákveði sjúklingur sjálfur, eða til þess bær lögaðili, að stöðva meðferð þarf að staðfesta þá ákvörðun skriflega. Það kemur í veg fyrir hugsanlegan ágreining síðar um hver hafi ákveðið að stöðva meðferð.

Í frumvarpinu er fjallað um rétt sjúklings til að ákveða hvort hann þiggur meðferð eða hafnar en hvergi er fjallað um rétt sjúklings til meðferðar sem hann þarf á að halda en getur ekki vegna sjúkleika beðið um.

14. grein

Í 2. málsgrein segir: „Skylt er lækni og öðrum sem færa sjúkraská að sýna hana sjúklingi.“ Orðalgið „öðrum sem færa sjúkraskrá“ er afar óheppilegt og ónákvæmt. Margir eiga einhvern þátt í „að færa sjúkraskrá“, þ.e. færa eitthvað í sjúkraskrá, enginn einn færir allt í sjúkraskrá. Hefur hver sem færir eitthvað í sjúkraskrána skyldu og rétt til að sýna skrána og afhenda hana? Læknirinn, sem er ábyrgur fyrir meðferð sjúklings, á að vera ábyrgur fyrir sjúkraskránni og þar með að sýna hana sjúklingi eða aðstandanda.

19. grein

Þessi grein á að fara út því hún getur gengið gegn hagsmunum sjúklinga. Með henni yrði fest í lög ákvæði um forgangsröðun og jafnframt að heimilt sé að forgangsráða sjúklingum eftir „öðrum faglegum forsendum“ en læknislegum. Algerlega er óskýrt hverjar þessar „aðrar faglegu forsendur“ eru. Hár aldur? Starfandi er nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytisins undir forsæti landlæknis sem fjallar um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu. Rétt er að bíða eftir niðurstöðum þeirrar nefndar áður en nokkuð um forgangsröðun verður sett í lög.

21. grein

Síðari málsgrein á ekki heima í lögum.

22. grein

Í 2. málsgrein segir: „Sjúklingi skal gerð grein fyrir hvaða heilbrigðisstarfsmaður beri meginábyrgð á meðferð hans á heilbrigðisstofnun.“ Í stað heilbrigðisstarfsmaður komi „læknir og hjúkrunarfræðingur“. Aðrir heilbrigðisstarfsmenn bera ekki meginábyrgð á meðferð sjúklings á stofnun þar sem sjúklingur er lagður inn.